

*Steinunn Ásmundsdóttir***Opinskátt leyndarmál**

Þú veist það ekki
 — ekki ennþá,
 að ég ætla alltaf að vera hjá þér
 og gæta þín
 um leið og þú gætir mín.

Ég ætla að sjá til þess
 að augun þín
 grænu
 fyllist ekki hryggð né vanmætti,

að bakið þitt
 beina
 bogni ekki fyrir vonbrigðum,

að hugur þinn
 margbrotinn
 þjáist ekki af myrkurdraugum.

Og svo ætla ég að biðja þig
 að halda fast utan um mig.

Kvöldbrot

Hálfrökkur í marrandi snjónum

við stóðum í rauðu biðskýli
 og biðum eftir brottför þinni
 til fiskibæjar í suðri

og öll þessi angist
 sem braust um í hjartanu
 grét í tímagöt fjarlægða

ástin eins og lífið;
 traust jörð eða örþunn skel
 — eftir atvikum

síðan hef ég saknað þín sárt.